



## SAFT UNGMENNARÁÐ

### Til skólustjórnenda og kennara



SAFT<sup>1</sup> - Samfélag, fjölskylda og tækni, vakningarátak um örugga tækninotkun barna og unglunga á Íslandi, hefur stofnað ungmennaráð sem samanstendur af krökkum á aldrinum 12-18 ára, alls staðar að af landinu. Ráðið mun meðal annars vinna að hugmyndum um hvernig eigi að kenna ánægjulega og örugga netnotkun í skólum landsins, koma að hönnun kennsluefnis, vera ráðgefandi um hönnun og framkvæmd herferða, sinna jafningjafræðslu og halda erindi á foreldrafundum.


Ungmennaráð er á Facebook og á MSN ([ungmennarad\\_saft@hotmail.com](mailto:ungmennarad_saft@hotmail.com)) þar sem ráðgjafar úr ráðinu veita ráðgjöf og umsögn um netið, farsíma og tölvuleiki. Fjölmíðlar hafa einnig aðgang að ungmennaráði ([ungmennarad@saft.is](mailto:ungmennarad@saft.is)) til þess að leita eftir upplýsingum og álitum ungs fólks á öllu sem viðkemur nýmiðlum.

Með þessari orðsendingu skorar ungmennaráð á skólustjórnendur að halda sérstaka þemaviku nú í haust um jákvæða og örugga netnotkun. Meðal verkefna sem hægt er að útfæra fyrir þemavikuna eru nemendasamkeppni um gerð jafningjafræðsluefnis (t.d.

myndbönd, plaköt, fyrirlestrar, örskilaboð, heilræði og leikrit). Þeir skólar sem eru áhugasamir um þessa hugmynd eru vinsamlega beðnir um að vera í sambandi við ungmennaráð SAFT ([ungmennarad@saft.is](mailto:ungmennarad@saft.is)) um mögulegt samstarf við framkvæmd þemaviku.

Meðfylgjandi er námseining um hvernig eigi að **meta og skilja efni af netinu**, ásamt heilræðum, sem ungmennaráð vill færa skólum landsins að gjöf. Námseininguna mætti t.d. nýta í lífsleikni, upplýsingatækni og ensku.

Ungmennaráð vill einnig vekja athygli á DVD disk með kennsluefni um ábyrga og jákvæða netnotkun sem SAFT gaf út í fyrra og dreifði á alla grunnskóla landsins.



DVD diskurinn inniheldur fjögur myndbönd um örugga og jákvæða netnotkun auk fimm stuttra leikþátta og ellefu námseininga til notkunar í lífsleikni- og/eða upplýsingatæknikennslu fyrir 9-16 ára börn og unglunga, ásamt kennsluleiðbeiningum. Viðfangsefni námseininganna er m.a. hvernig við notum netið, tölvupóst, spjallrásir, farsíma, um einelti á netinu, nettælingu, siðferði á netinu, höfundarétt, blogg og gagnrýna netnotkun. Við vonumst til þess að efnið, sem var unnið í samstarfi við Námsgagnastofnun, muni nýtast við kennslu í ykkar skólum – en efnið má einnig finna á netinu ([www.saft.is/oruggnetnotkun/kennsluefni](http://www.saft.is/oruggnetnotkun/kennsluefni)).

Með vinsemd,  
Ungmennaráð SAFT

<sup>1</sup> SAFT verkefnið er hluti af Safer Internet Action Plan, aðgerðaáætlun Evrópusambandsins um öruggari netnotkun og er styrkt af ESB. Samningsaðili við ESB er Heimili og skóli - landssamtök foreldra, sem sér um að annast útfærslu og framkvæmd verkefnisins að öllu leyti fyrir Íslands hönd. Nánari upplýsingar má finna á [www.saft.is](http://www.saft.is).